

## REGLUGERÐ

**um (6.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþáttöku  
sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.**

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í ATC-lyfjaflokknum N 05 A (geðrofslyf). Hagkvæmustu pakkningar eru metnar út frá verði á skilgreindum dagskammti (DDD) í pakkningu skammtaðra lyfjaforma og þær pakkningar „\*“-merktar sem innihalda skilgreindan dag-skammt (DDD) á greiðsluþáttökuverði 600 kr. eða lægra. Sjúkratryggingar taka ekki þátt í greiðslu annarra lyfja í lyfjaflokki N 05 A en er þó heimilt að gefa út lyfjaskírteini fyrir greiðsluþáttöku, sbr. 6. tölul. 11. gr.

2. gr.

Við 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi:

Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota um lengri tíma lyf sem sjúkratryggingar greiða ekki („,0“) merkt í lyfjaverðskrá. Er þá heimilt að greiða samkvæmt „\*“-merkingu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. júní 2012.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Lyfjaávísanir á þau lyf sem fá breytta greiðsluþáttöku skv. 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. og gefnar eru út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, halda óbreyttri greiðsluþáttöku til 31. október 2012.

*Velferðarráðuneytinu, 13. apríl 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

*Hrönn Ottósdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 17. apríl 2012